

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
26. fundur – 10. apríl 2000

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 10. apríl 2000 kl. 17:15 að Garðatorgi 7, Garðabæ.

Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra og Sigurborgar Daðadóttur skrifstofustjóra.

Jón Bjarni Þorsteinsson boðaði forföll en í hans stað mætti Sigurveig Sæmundsdóttir.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

**1 Fundargerð 25. fundar heilbrigðisnefndar.**

Samþykkt.

**2 Fundargerð 18. starfsmannafundar frá 5. apríl 2000.**

*2.1 Starfsleyfi.*

2.1.1 Auðbrekku 20, Kópavogi - húðflúrstofa.

Lögð fram umsókn Ingólfs P. Heimissonar f.h. Víking stúdíó kt: 220976-3439, dags. 30. mars 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs húðflúrstofu að Auðbrekku 20, Kópavogi. Meðfylgjandi yfirlýsing frá Landlæknisembættinu. Ný starfsemi. Samþykkt að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og með vísun til starfsreglna heilbrigðisnefndar vegna húðflúrstofa frá 20. janúar 1999.

2.1.2 Bjarnhólastígur, Kópavogi - gæsluvöllur.

Lögð fram umsókn Kópavogsbæjar kt: 700169-3759, f.h. Gæsluvallarins Hólavöllur, dags. 22. mars 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gæsluvallar við Bjarnhólastíg, Kópavogi. Endurnýjun. Samþykkt.

2.1.3 Borgarholtsbraut, Kópavogi - gæsluvöllur.

Lögð fram umsókn Kópavogsbæjar kt: 700169-3759, f.h. Gæsluvallarins Holtsvallar, dags. 22. mars 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gæsluvallar við Borgarholtsbraut, Kópavogi. Endurnýjun. Samþykkt.

2.1.4 Dalshraun 13, Hafnarfirði - veitingastaður.

Lögð fram umsókn Njál's B. Sigurjónssonar f.h. Njallans ehf. kt: 630200-4150, dags. 5. apríl 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar án matsölu að Dalshrauni 13, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

2.1.5 Efstihjalli, Kópavogi - gæsluvöllur.

Lögð fram umsókn Kópavogsbæjar kt: 700169-3759, f.h. Gæsluvallarins Hjallavöllur, dags. 20. mars 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gæsluvallar við Efstahjalla, Kópavogi. Endurnýjun. Samþykkt.

2.1.6 Engihjalla 8, Kópavogi - matsölustaður.

Lögð fram umsókn Pálma Alfreðssonar f.h. P.H. Alfreðssonar ehf. kt: 610100-2870, dags. 30. mars 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skyndibitastaðar að Engihjalla 8, Kópavogi. Eigendaskipti.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

2.1.7 Helluhraun 1, Hafnarfirði - söluturn.

Lögð fram umsókn Ingveldar Gísladóttur og Eyjólfssonar f.h. Jolla ehf. kt: 701092-2449, dags. 4. apríl 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs söluturns með óvarin matvæli að Helluhrauni 1, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

2.1.8 Kópavogsbraut 5-7, Kópavogi - endurhæfingardeild.

Lögð fram umsókn Ríkisspítala f.h. Endurhæfingar- og hæfingardeild kt: 540269-6379, dags. 22. mars 2000, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs endurhæfingar- og hæfingardeildar að Kópavogsbraut 5-7, Kópavogi. Endurnýjun. Samþykkt.

2.1.9 Lækjarsmára, Kópavogi - gæsluvöllur.

Lögð fram umsókn Kópavogsbæjar kt: 700169-3759, f.h. Gæsluvallarins Lækjarvöllur, dags. 22. mars 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gæsluvallar við Lækjarsmára Kópavogi. Endurnýjun. Samþykkt.

2.2 Reynigrund, Kópavogi - gæsluvöllur.

Lögð fram umsókn Kópavogsbæjar kt: 700169-3759, f.h. Gæsluvallar við Reynigrund, dags. 20. mars 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gæsluvallar við Reynigrund í Kópavogi. Endurnýjun. Samþykkt starfsleyfis.

2.3 *Umsagnir.*

2.3.1 Dalshraun 13, Hafnarfirði - Njallinn

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 4. apríl 2000, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Njáls Bergþórs Sigurjónssonar, kt. 140544-0009, sem sækir um veitingaleyfi fyrri veitingastaðinn Njallann kt. 630200-4150, að Dalshrauni 13, Hafnarfirði.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn.

2.3.2 Nýbýlavegur 14, Kópavogi - Pizza Pizza ehf.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi dags. 24. mars 2000, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Gunnars S. Guðjónssonar kt: 130968-3179, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Pizza Pizza ehf. kt: 680795-2589, að Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Samþykkt að veita jákvæða umsögn.

2.3.3 Nýbýlavegur 14, Kópavogi - Pizza Pizza ehf.

Lagt fram bréf Bæjarritara Kópavogs dags. 31. mars 2000, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Gunnars S. Guðjónssonar kt: 130968-3179, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Pizza Pizza ehf. kt: 680795-2589, að Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Samþykkt að veita jákvæða umsögn.

#### 2.4 Önnur mál.

Lögð fram drög að skýrslu um "Merkingaráttak HVR og HES 1999, könnun á merkingum úðabrusa", til kynningar fyrir heilbrigðisnefnd.

### 3 Ársreikningur 1999

Lagður fram endurskoðaður ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fyrir árið 1999.

Ársreikningurinn samþykktur og áritaður.

### 4 Vatnsverndarsvæði

Lögð fram fundargerð 10. fundar framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæði frá 23. mars 2000.

Fundargerðinni fylgdi bréf Rannsóknarstofnunar Landbúnaðarins dags 25. febrúar 2000 varðandi áhrif gróðurfars á vatnsgæði og hugsanlegar rannsóknir þar að lútandi á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

### 5 Umhverfisstefna Garðabæjar

Lagt fram bréf bæjarritara Garðabæjar dags. 27. mars 2000, þar sem drög að umhverfisstefnu Garðabæjar erl kynnt.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Heilbrigðisnefnd fagnar framkominni tillögu að Umhverfisstefnu Garðabæjar.

Í fyrirliggjandi drögum er lögð áhersla á verndun umhverfis og náttúru og að haldið verði uppi öflugum vörnum gegn hvers kyns mengun en um leið verði tekið fullt tillit til búsetu fólks. Nefndin lýsir stuðningi við framkomin viðhorf.

Vegna gæða og auðlindar sem felast í góðu neysluvatni, leggur nefndin þó til að áherslum verði breytt þannig að umhverfisstefna og neysluvatnsvernd rekist ekki á.

Framkvæmdastjóra er falið að koma þessum sjónarmiðum á framfæri ásamt smá athugasemd um frágang iðnaðarsvæða vegna sjónmengunar og viðbragðsáætlana við umhverfisslysum.

### 6 Stjórnumlíkk, Smiðjuvegi 2, - Athugasemd við útgáfu starfsleyfis.

Lögð fram að nýju umsókn Finnþoga Geirssonar f.h. Stjórnumlíkk ehf, kt. 701294 5999, dags 18. október 1999 ásamt bréfi Halldórs Þ. Birgissonar hdl. dags. 11.

febrúar 2000, þar sem mótmælt er veitingu starfsleyfisins og bréf Þorvaldar Jóhannessonar hdl. dags 6. apríl 2000, með athugasemdum vegna mótmælanna.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Heilbrigðisnefnd samþykkti að veita starfsleyfið með skilyrðum skilyrðum sem fram komu við auglýsingu starfsleyfisins að viðbættri kröfu um að öll starfsemi fyrirtækisins fari fram innan dyra."

### 7 Förgun úrgangs.

Farið var yfir stöðu mála og gögn sem lögð hafa verið fram á undanförunum fundum. Ákveðið var að nefndin færi í vettvangsskoðanir til endurvinnslufyrirtækja.

## 8 Önnur mál.

### 8.1 Reykjavíkurflugvöllur.

Lag fram til kynningar bréf Hollustuverndar ríkisins frá 6. mars s. l varðandi hávaða frá flugumferð og starfsleyfi fyrir Reykjavíkurflugvöll.

### 8.2 Að gera hreint fyrir sínum dyrum.

Lagt fram bréf bæjarskipulags Kópavogsbæjar frá 6. apríl 2000 þar sem komið er á framfæri ósk Umhverfisráðs Kópavogs um samstarf til að bæta umgengni utan dyra í bæjarfélaginu í vor.

Heilbrigðisnefnd tekur jákvætt í erindið.

Jafnframt var rætt um óviðunandi umgengni á fimm iðnaðarlóð á iðnaðarsvæði í vesturbæ Kópavogs þar sem farið hefur verið fram á úrbætur án árangurs.

Heilbrigðisfulltrúa er falið að fylgja eftir með þvingunarúrræðum ef með þarf að þrifið verði til á lóðunum.

### 8.3 Kynning á lögum og reglum er varða mengunarvarnir fyrirtækja

Lög fram dagskrá fundar þann 12. apríl n. k. sem Samtök atvinnulífsins, Samtök Iðnaðarins, Hollustuvernd ríkisins, Umhverfisráðuneytið, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði standa að um nýjar breytingar á lögum og reglum er varða mengunarvarnir fyrirtækja.

### 8.4 Dagur umhverfisins 25. apríl n. k.

Minnt var á dag umhverfisins þann 25. apríl n. k.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19

Árni Sverrisson

Sigrún Ingólfssdóttir

Sigurveig Sæmundsdóttir

Sigurlaug Sigurðardóttir

Sigfríður Ingvarsdóttir

Sigurgeir Ólafsson

Gestur Pétursson